

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 8/2009

Kæra Vatnaveraldar ehf. á ákvörðun Neytendastofu [nr. 17/2009](#) frá 5. júní 2009.

1. Þann 21. september 2009 er tekið fyrir máli áfrýjunarnefndarinnar nr. 8/2009: Kæra Vatnaveraldar ehf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 17/2009 frá 5. júní sama árs. Í málinu úrskurða Ása Ólafsdóttir, Egill Heiðar Gíslason og Eyvindur G. Gunnarsson.
2. Með kæru, dags. 6. júlí 2009, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu nr. 17/2009, dags. 5. júní sama árs, um að ekki sé tilefni til aðgerða vegna notkunar Reykjanesbæjar á heitinu Vatnaveröld, við auglýsingar á vatnsleikjagarði og sundmiðstöð sem starfrækt er í Reykjanesbæ.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu og talsmann neytenda, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi til Neytendastofu, dags. 22. október 2008, óskaði kærandi eftir ákvörðun Neytendastofu í tilefni af notkun Reykjanesbæjar á firmanafninu Vatnaveröld. Í bréfi kæranda segir að hann hafi rekið félagið Vatnaveröld, sem sé gæludýraverslun, frá árinu 1997 í Reykjanesbæ. Sérhæfi verslunin sig í sölu skrautfiska og annarra vatnadýra og hafi notað nafnið Vatnaveröld í firma sínu og auðkenni frá stofnun verslunarinnar, auk þess sem heitið hafi verið skráð í Firmaskrá Íslands frá árinu 1997. Þá sé kærandi jafnframt eigandi skrásetta vörumerkisins Vatnaveröld. Vorið 2006 hafi Reykjanesbær hafið notkun á nafninu Vatnaveröld á sundmiðstöð bæjarins sem staðsett sé í nágrenni verslunar kæranda.
5. Telur kærandi að sú notkun sveitarfélagsins brjóti í bága við ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, enda sé til staðar veruleg ruglingshætta, sem valdi kæranda ónæði og óþægindum. Daglega sé hringt í verslun hans með fyrirspurnir um opnunartíma sundmiðstöðvarinnar auk þess sem honum hafi ítrekað borist vörusendingar sem ætlaðar hafi verið sundmiðstöðinni, og krafðist kærandi þess að Neytendastofa bannaði Reykjanesbæ notkun heitisins Vatnaveröld, með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005.
6. Með bréfi, dags. 12. nóvember 2008, var erindi kæranda mótmælt af sveitarfélaginu Reykjanesbæ. Fram kom í bréfi Reykjanesbæjar að fyrir opnun viðbyggingar í sundmiðstöð á árinu 2006 hafi verið haft sambandi við kæranda og óskað eftir notkun heitisins Vatnaveröld. Hafi kærandi

brugðist við á jákvæðan hátt þegar eftir leyfinu hafi verið falast. Hafi sveitarfélagið þá þegar hafið vinnu við að kynna starfsemi sundmiðstöðvarinnar, en auglýsingakostnaður vegna þess sé nú umtalsverður. Í júlí 2006 hafi borist tölvupóstur frá kæranda þar sem kvartað hafi verið undan því að notkun Reykjanesbæjar á heitinu hefði skapað rugling við merkingu í símaskrá. Í kjölfar þess hafi skráningu sundmiðstöðvarinnar í símaskrá verið breytt, á þann veg að við leit birtist fyrst verslun kæranda en svo sundmiðstöðin. Þann 19. júlí sama ár hafi enn á ný borist erindi frá kæranda, þar sem þess hafi verið krafist að annað hvort léti Reykjanesbær af notkun heitisins eða Reykjanesbær keypti rétt til notkunar heitisins af kæranda. Hafi sveitarfélagið þá boðist til að greiða kr. 100.000 fyrir notkun heitsins, en því hafi kærandi hafnað.

7. Á fundi þann 15. ágúst 2006 hafi ágreiningur kæranda og sveitarfélagsins verið ræddur og reifaðar leiðir til lausnar málinu, m.a. um að sveitarfélagið veitti kæranda aðstoð við að útbúa nýjar merkingar. Hafi verið ákveðið að funda að nýju viku síðar, en til þess fundar hafi ekki verið mætt af hálfu kæranda. Í símtali við fyrirsvarsmenn kæranda hafi verið um að kærandi myndi íhuga betur stöðu sína og hafa að því búnu samband við Reykjanesbæ, en af því hafi þó ekki orðið. Í bréfi Reykjanesbæjar kom enn fremur fram að um væri að ræða ólíkan rekstur, annars vegar vatnsleikjagarð og hins vegar gæludýraverslun. Að auki hefði sveitarfélagið hafið notkun heitisins í góðri trú um heimild þess til notkunar þess. Þá hafi verið komið í veg fyrir ruglingshættu með leiðréttingu í símaskrá, auk þess sem starfsfólk sundmiðstöðvarinnar kannist ekki við að vörur sem pantaðar hafi verið inn hafi verið sendar á aðra staði. Þá byggir Reykjanesbær á því að skráning á heiti kæranda í vörumerkjaskrá hafi átt sér stað á árinu 2008, eða rúmum tveimur árum eftir að sveitarfélagið tók upp notkun heitisins og geti kærandi því ekki byggt neinn rétt á þeirri skráningu.
8. Í bréfi kæranda til Neytendastofu, dags. 17. nóvember 2008, var ítrekuð fyrri kvörtun félagsins og því mótmælt að félagið hefði gefið Reykjanesbæ leyfi til notkunar á nafninu Vatnaveröld á jafn víðtækan hátt og haldið hefði verið fram í málinu. Leyfið hafi náð til þess að nota nafnið innanhúss í ákveðnum hluta sundlaugar sem þá hafi borið heitið Sundhöll Keflavíkur. Hafi sveitarfélagið gefið loforð um að það myndi ekki auglýsa undir þessu heiti eða að markaðsetja það að öðru leyti. Var fullyrðingum í fyrrgreindu bréfi sveitarfélagsins um samskipti kæranda og sveitarfélagsins mótmælt, utan þess eins að kæranda hafi verið boðin kr. 100.000 greiðsla fyrir heitið sem hafi verið hafnað.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

9. Með ákvörðun Neytendastofu nr. 17/2009 frá 5. júní 2009, var ekki fallist á að ástæða væri til aðgerða af hálfu stofnunarinnar vegna kærunnar. Tekið var fram að í ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 fælist almenn vernd auðkenna sem kæmi til fyllingar á vörumerkjavernd eins og ráða mætti af lögskýringargögnum þegar reglan var fyrst lögfest, svo sem greinargerð með frumvarpi til þágildandi samkeppnislaga nr. 8/1993. Fyrri málsliður greinarinnar hefði að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar ætti. Rétturinn til þessara auðkenna gæti hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð. Samkvæmt greinargerðinni skipti ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd

sem framangreind sérlög veittu auðkennum. Þá segði í greinargerðinni að í 2. másl. greinarinnar væri rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt væri að nota auðkenni þannig að leitt gæti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

10. Í hinni kærðu ákvörðun kemur fram að Vatnaveröld ehf. hafi skráð firmaheitið Vatnaveröld hjá firmaskrá frá 10. nóvember 1997 og eigi skráð vörumerkið Vatnaveröld, sem orð- og myndmerki, hjá Einkaleyfastofu frá 23. júní 2008. Reykjanesbær hafi notað heitið Vatnaveröld á hluta af sundmiðstöð bæjarins frá maí mánuði 2006 að fengnu leyfi kæranda. Það var því niðurstaða Neytendastofu að báðir aðilar ættu tilkall til auðkenna sinni þótt þá greindi á um skilyrði leyfis frá eigendum Vatnaveraldar til handa Reykjanesbæjar um notkun á heitinu Vatnaveröld og því kæmu ákvæði 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 því til skoðunar.
11. Réttur til vörumerkis gæti stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan væri sú að eigandi merkis öðlaðist einkarétt til nafnsins og væri öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líktist því svo mikið að ruglingshætta skapaðist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 væri einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur notaði annað auðkenni sem líktist því mikið. Við mat á ruglingshættu væri litið til þess hvort fyrirtækin væru í samkeppni og hvort þau væru á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar yrði vörumerkið að vera þess eðlis að það gæti aðgreint fyrirtækið eða vöru þess eða þjónustu frá keppinautum og takmarkaðist verndin því við að merkið væri ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem fyrirtækið byði.
12. Var það niðurstaða Neytendastofu að ekki væri ástæða til að banna Reykjanesbæ notkun á heitinu Vatnaveröld, þar sem ekki væri til staðar ruglingshætta skv. 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Var sú niðurstaða byggð á því að þótt aðilar væru á sama landsvæði, kepptu þeir þó ekki á sama markaði. Annars vegar væri um að ræða gæludýraverslun sem sérhæfði sig í vatnadýrum og hins vegar væri um að ræða sundmiðstöð. Skýringu á orðinu vatnaveröld væri ekki að finna í orðabókum en orðið væri að mati Neytendastofu lýsandi fyrir starfsemi beggja aðila, þó ólík væri. Var ekki fallist á að þótt símtöl og póstsendingar sem ætlaðar séu sundmiðstöðinni kynnu að berast kæranda, væri slíkur ruglingur þess eðlist að neytendur kæmu til með að eiga viðskipti við rangan aðila. Þá væri tilgangur með rekstri aðilanna ekki hinn sami og ekki miðuð að sama markhópi.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

13. Í kæru, dags. 6. júlí 2009, kemur fram að kærð sé ákvörðun Neytendastofu nr. 17/2009. Var þess krafist að hinni kærðu ákvörðun yrði hrundið og henni breytt á þann veg að fallist verði á að Reykjanesbær hafi brotið egn 15. gr. a. laga nr. 57/2005 með því að auglýsa starfsemi sundstaðar sveitarfélagsins með heitinu Vatnaveröld og þannig brjóta gegn vörumerkjarétti kæranda og rétti hans til verndar firmaheitisins Vatnaveröld. Þá var þess einnig krafist að varnaraðila yrði bannað að nota og auglýsa heitið Vatnaveröld eða til vara að Neytendastofu yrði gert að banna varnaraðila notkunina og auglýsingar með fyrrgreindu heiti, með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005.

14. Kæran var rökstudd með þeim hætti að eigandi félagið Vatnaveröld ehf. hefði verið stofnað árið 1997 til þess að reka verslun með gæludýr, en frá stofnun þess hafi verið lögð áhersla á innflutning og sölu vatnadýra, bæði ferskvatns- og saltvatnsdýra. Hafi félagið fyrstu árin selt vatnadýr af ýmsu tagi til verslana á höfuðborgarsvæðinu, en markaðssvæði þess sé þéttbýliskjarnar á Suðurnesjum, þ.e. Grindavík, Vogar, Njarðvík, Keflavík, Hafnir, Sandgerði og Garður og sé viðskiptamannahópur félagsins á öllum aldri. Hafi því kærandi á löngum tíma skapað sér verðmæta viðskiptavild og orðspor undir heitinu Vatnaveröld. Félagið hafi verið rekið undir heitinu Vatnaveröld, það hafi verið skráð með þeim hætti í firmaskrá frá árinu 1997 og njóti því verndar sem firmaheitishafi. Þá njóti kærandi einnig réttar sem skráður eigandi vörumerkis, sem hann hafi öðlast með óslitinni notkun merkisins frá árinu 1997 og sem síðar hafi verið skráð á árinu 2008.
15. Rétt kæranda til heitisins hafi sveitarfélagið Reykjanesbær í reynd viðurkennt í verki, enda hafi sveitarfélagið haft samband við kæranda til þess að fá leyfi til notkunar heitisins á árinu 1996. Hafi kærandi veitt takmarkað leyfi til notkunar heitisins og þá einungis til þess að heitið yrði notað innanhúss og undir engum kringumstæðum utanhúss eða í almennum auglýsingum eða á skiltum. Hafi kærandi því strax gert athugasemdir þegar sveitarfélagið réðist í umfangsmikla auglýsingaherferð þar sem heitið Vatnaveröld hafi verið áberandi. Því hafi Reykjanesbær frá upphafi verið kunnugt um mótmæli kæranda við notkun heitisins og hafi notkun þess brotið í bága við ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 og því sé það á ábyrgð og áhættu Reykjanesbæjar að hafa varið háum fjárhæðum til markaðssetningar og kynningar með heitinu eftir að mótmæli kæranda hafi komið fram.
16. Þá byggir kærandi á því að til staðar sé veruleg ruglingshætta við notkun Reykjanesbæjar á heitinu Vatnaveröld. Meðal annars hafi verið sett upp skilti víða um bæinn þar sem fólki sé beint ákveðna leið að sundstað bæjarins með nafninu Vatnaveröld á vegvísun og skiltum. Þar sem verslun kæranda sé staðsett í nágrenni sundstaðarins valdi þetta verulegri ruglingshættu. Þá hafi kærandi orðið þess var að viðskiptamenn telji verslun hans hafa hætt starfsemi eða að hún hafi færst yfir í starfsemi annarra nýlegra stofnaðra gæludýraverslana í Reykjanesbæ. Því hafi kynning Reykjanesbæjar á starfsemi sundstaðar með heitinu Vatnaveröld skaðað mjög margra ára uppbyggingu kæranda á vörumerkinu og firmaheitinu Vatnaveröld.
17. Með bréfi, dags. 13. júlí 2009, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Greinargerð Neytendastofu barst nefndinni 24. júlí 2009. Í greinargerðinni er þess krafist að ákvörðun stofnunarinnar í máli nr. 17/2009, verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Fram kemur með ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 sé fyrirtækjum veitt aukin vernd auðkenna sinna og sé hún til viðbótar þeirri vernd sem veitt er m.a. í lögum um vörumerki og lögum um firmaheiti. Kærandi hafi skráð firmaheitið Vatnaveröld á árinu 1997 auk þess sem félagið skráði orð- og myndmerkið Vatnaveröld á árinu 2008. Reykjanesbær hafi hins vegar notað heitið Vatnaveröld á hluta sundmiðstöðvar bæjarins frá árinu 2006 með samþykki kæranda þótt ágreiningur sé milli aðila um hversu víðtækt það samþykki hafi verið. Það hafi því verið niðurstaða Neytendastofu að báðir aðilar ættu tilkall til auðkenna sinna.

18. Þá segir í greinargerð Neytendastofu að ósk starfsmanns Reykjanesbæjar um notkun heitisins feli ekki í sér viðurkenningu um betri rétt kæranda til heitisins. Þá fallist stofnunin ekki á að merkingar Reykjanesbæjar á sundmiðstöð undir heitinu Vatnaveröld hafi orðið til þess að viðskiptavinir gæludýraverslunarinnar hafi talið að verslunin hefði hætt starfsemi sinni eða að starfsemi hennar hafi flust yfir til annarra gæludýraverslana. Þá sé ósönnuð sú fullyrðing kæranda að með notkun Reykjanesbæjar á heitinu hafi skaðast margra ára uppbygging kæranda á vörumerkinu og firmaheitinu. Kærandi og Reykjanesbær séu ekki keppinautar á markaði og því geti notkun á heitinu ekki valið ruglingshættu, auki þess sem litið hafi verið til þess hvort auðkennin séu lík og hvort þau séu almenn og lýsandi fyrir starfseminum sem og til þess hvort aðilar séu keppinautar á markaði, eins og fram komi í úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 2/2007.
19. Með bréfi, dags. 5. ágúst 2009, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við umsögn Neytendastofu. Í bréfi kæranda dags. 19. ágúst 2009 voru kröfur hans ítrekaðar. Ítrekaði kærandi að leggja yrði til grundvallar frásögn hans um þau takmörkuðu not heitisins sem heimiluð voru Reykjanesbæ og ítrekaði að kærandi hefði frá upphafi mótmælt þeirri notkun Reykjanesbæjar á heitinu. Því hefði heimild Reykjanesbæjar til notkunar merkisins í reynd verið afturkölluð þegar á árinu 2006. Auk þess hafi kærandi ekki þá fjárhagslegu burði og stöðu og Reykjanesbær, sem getur í krafti stöðu sinnar sem opinber stofnun kynnt starfsemi sundstaðarins með áberandi og almennum hætti. Þá tók kærandi fram að þótt starfsemi sóknaraðila og Reykjanesbæjar kynni að vera ólík, væri vatn í báðum tilvikum lýsandi fyrir starfseminum og væri veiga mesti þáttur hennar. Því hefði öflug og viðvarandi kynning Reykjanesbæjar á sundstaðnum undir heiti kæranda truflað markaðsstarf kæranda og viðskipti með afdrifaríkum hætti.
20. Gögn málsins voru kynnt Reykjanesbæ með bréfi, dags. 31. ágúst 2009. Athugasemdir Reykjanesbæjar bárust kæruneftinni með bréfi, dags. 17. september 2009. Var af hálfu Reykjanesbæjar byggt á því að kærandi hafi veitt heimild til notkunar heitisins og af þeim sökum hafi Reykjanesbær fullt og ótakmarkað tilkall til auðkennisins. Í notkun Reykjanesbæjar fælist því ekki brot gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005, enda hafi starfsmaður Reykjanesbæjar haft samband við kæranda og fengið heimild til notkunar auðkennisins. Engin hætta hafi verið á ruglingi milli aðila þótt sundmiðstöð bæjarins bæri nafnið Vatnaveröld, enda væri starfsemi kæranda í grundvallaratriðum ólík starfsemi Reykjanesbæjar.
21. Þá skapi skilti þau sem vísað er til af hálfu kæranda ekki ruglingshættu, þar sem strax á eftir heitinu Vatnaveröld komi alþjóðlegt tákn opinberra sundstaða. Auk þess sé sundmiðstöðin í hverfi nálægt skólum í suðaustur hluta bæjarins, en gæludýrabúð kæranda á verslunargötu bæjarins við Hafnargötu í norðvestur hluta bæjarins. Af hálfu Reykjanesbæjar var einnig byggt á því að merki sundmiðstöðvarinnar og kæranda væru ólík og geti því með engu móti valdið ruglingi.

NIÐURSTAÐA

22. Í máli þessu kvartar kærandi undan notkun Reykjanesbæjar á heitinu „Vatnaveröld“ og telur í notkun sveitarfélagsins Reykjanesbæjar á heitinu við auðkenningu á sundmiðstöð bæjarins, bæði

utandyra og í almennum auglýsingum, brot á 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með síðari breytingum.

23. Óumdeilt er að kærandi hefur rekið félag undir heitinu Vatnaveröld ehf., og skráð það með þeim hætti í firmaskrá frá árinu 1997, auk þess sem kærandi hafi skráð vörumerkið Vatnaveröld (orð- og myndmerki) á árinu 2008. Þá er upplýst að kærandi heimilaði sveitarfélaginu Reykjanesbæ notkun heitisins Vatnaveröld á árinu 2006, en ágreiningur stendur um það hversu víðtæk sú heimild var. Byggir kærandi á því að heimild sveitarfélagsins Reykjanesbæjar tæki einungis til auðkenningar innandyra á sundmiðstöð bæjarins og að ekki mætti auglýsa heitið með almennum hætti. Af hálfu sveitarfélagsins Reykjanesbæjar er hins vegar á því byggt að um almenna og ótakmarkaða heimild hafi verið að ræða. Fyrir liggur einnig að kærandi kom á framfæri mótmælum við notkun sveitarfélagsins Reykjanesbæjar á heitinu þegar á árinu 2006.
24. Í 15. gr. a. laga nr. 57/2005 kemur fram að óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Í dómaframkvæmd hefur almennt verið talið að eldra heiti njóti lögverndar gagnvart hinu yngra, ef hætta er á að villst verði á því og einkenni annars aðila. Þá hefur í norrænni réttarframkvæmd, við mat á ruglingshættu milli tveggja firmanafna, meðal annars verið litið til þess hvort fyrirtæki starfa á sama markaði og hvort þau beina vöru eða þjónustu að sama markhópi.
25. Eins og að framan er rakið má af gögnum málsins ráða að kærandi og Reykjanesbær nota heitið Vatnaveröld til að markaðsetja vöru og þjónustu, en fallist er á það mat Neytendastofu að heitið sé lýsandi fyrir starfsemi beggja aðila þótt þeir starfi á sitt hvorum markaðinum og beina þjónustu sinni að mismunandi markhópi. Aftur á móti hefur kærandi byggt á því að honum hafi borist símtöl og sendingar ætlaðar sundmiðstöðinni auk þess sem kærandi heldur því fram að umfangsmiklar merkingar og auglýsingar sveitarfélagsins hafi skaðað viðskiptahagsmuni sína. Í gögnum málsins er þó ekkert sem bendir til þess að notkun sveitarfélagsins á heitinu Vatnaveröld hafi leitt til þess að viðskiptavinir kæranda hafi leitað annað. Jafnframt hefur verið upplýst um að kærandi veitti sveitarfélaginu Reykjanesbæ heimild til notkunar heitisins á árinu 2006, enda þótt um það sé deilt hversu víðtæk sú heimild hafi verið.
26. Með vísan til alls framanritaðs, þar á meðal réttarframkvæmdar, þykir ekki nægilega fram komið að sveitarfélagið Reykjanesbær hafi notað heitið Vatnaveröld á þann hátt að leitt geti til þess að villst yrði á því og heiti kæranda. Samkvæmt því liggur ekki fyrir að hann hafi brotið gegn 15. gr. a. laga 57/2005.
27. Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hina kærðu ákvörðun.

Úrskurður nr. 7/2009

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Ása Ólafsdóttir

Egill Heiðar Gíslason

Eyvindur G. Gunnarsson